

Alræðisvald tímans

„Tíminn er trunta“ segir Heidegger á einum stað í bók sinni „Sein und zeit“. Eða var það Egill Ólafsson? Beint eða óbeint er tíminn umfjöllunarfni allra myndlistarmanna; því í eðli sínu er sérhvert listaverk tilraun til að stöðva tímann. Um leið er myndlistarmaðurinn meðvitaður um það að hann getur ekki skapað meðan hann upplifir heldur er efniviður hans ævinlega hið liðna, það sem er handan hins sýnilega. Alræðisvald tímans og vanmáttur kveikt af sér mörg stórbrotustu og angistarfullstu listaverk sögunnar.

Horfst í augu við tímann

Enginn íslenskur myndlistarmaður hefur horfst eins einarlega í augu ofangreindrar „truntu“ eins og Gretar Reynisson. Raunar má segja að hann sé ofurseldur tímanum, því um margra ára skeið hefur nánast öll myndlistarleg viðleitni hans gengið út á meðvitaða tímamælingu. Árinu 1997 eyddi hann í að teikna með grafiti á 12 x 12 cm krossviðarplötu upp á hvern dag, blýduftið sem féll til við hverja „teikningu“ notaði hann til að nudda á pappírörk sem hann lagði yfir andlit sitt; þannig urðu til daglegar – og annars konar – „sjálfsmyndir“ hans.


Myndlist

Árið 1998 breytti Gretar um aðferð, gerði þá grafitteikningar vikulega á 21 x 21 cm krossviðarplötur, bakaði auk þess eitt brauð fyrir hvern dag ársins. Ári seinna var hann enn á ferðinni, nú með grafitteikningar fyrir hvern mánuð og þar að auki 12 „kaffidagbækur“ með samtals 365 síðum með hringlaga förum eftir kaffibolla sem listamaðurinn hafði drukkjóð á hverjum degi ársins 1999.

55 uppvaflin baðhandklæði


Loks klykkir Gretar út með eins konar hlutgervingu ársins 2000: 100 x 100 cm krossviðarplötu með teikningu „sem myndar endalausa hringi utanum tómið“, svo vitnað sé í Ólaf Gíslason, skrásetjara listamannsins, og 52 uppvaflum baðhandklæðum hans. Öll þessi verk eru nú sameinuð undir heitinu 1461 dagur og sett upp í miðrými Kjarvalsstaða í tilefni aldamóta.

Fyrsta spurningin sem kemur upp í huga manns er raunar ofur praktísk: hvort þessi eltingaleikur Gretars við tím-



Skírskotun til líkklaða Krists

„En upp í hugann kemur einnig aldagamalt myndstefum klút Veróniku, konunnar sem þerraði svitann af andliti Jesú á leið upp á Hauskúpuhæð. Og „líkamsþrykk“ Gretars frá árinu 2000, handklæðin 52, hafa einnig klára skírskotun til líkklaða Krists en varla er til sterkara tákna um fjarveru Guðs úr lífi nútímamannsins heldur en það.“



Ósýnileg ásjóna Guðs

„Í heild sinni er þetta „vaxtarverk“ (work in progress) Gretars stórbrotin og margræð glíma við helsta viðfangsefni heimspekinga, veru og óveru. Og þá ekki síst „veru í Kristi“, ef svo má segja. Því það sem er sérlega merkilegt við hana, burtséð frá íðilfrjórri vitund síkrassandi listamannsins, er hve einarlega hún beinist að því að birta okkur það sem Ólafur Gíslason nefnir „ósýnilega ásjónu Guðs.“

ann hafi ekki rænt hann bæði sálarró og tómstundum? Því í þessu stífa prógrammi mátti sjálfsagt ekkert út af bera, kaffibollinn varð að fara á sinn stað á pappírinn á hverjum morgni, bannað að henda brauðinu og þvo handklæðin.

Í heild sinni er þetta „vaxtarverk“ (work in progress) Gretars stórbrotin og margræð glíma við helsta viðfangsefni heimspekinga, veru og óveru. Og þá ekki síst „veru í Kristi“, ef svo má segja. Því það sem er sérlega merkilegt við hana, burtséð frá íðilfrjórri vitund síkrassandi listamannsins, er hve einarlega hún beinist að því að birta okkur það sem Ólafur Gíslason nefnir „ósýnilega ásjónu Guðs“. Og þá jafnvel með beinni ívitun í ritninguna. Öðrum þræði er „Andlitsnuddið“ frá 1997 auðvitað afþrykk af því sem var, ásjónu listamannsins sjálfs, upprifjun gersneydd fortíðarþrá.

Fjarvera Guðs

En upp í hugann kemur einnig aldagamalt myndstefum klút Veróniku, konunnar sem þerraði svitann af andliti Jesú á leið upp á Hauskúpuhæð. Og „líkamsþrykk“ Gretars frá árinu 2000, handklæðin 52, hafa einnig klára skírskotun til líkklaða Krists, en varla er til sterkara tákna um fjarveru Guðs úr lífi nútímamannsins heldur en það.

Brauðin („hold Krists“) sem Gretar bakar eru síðan annað áþreifanlegt tákna um fráveru hins geistlega en eins og Ólafur Gíslason segir á rétta þau einnig að hvernig sem við skynjum reynslu okkar af því að vera til í tímanum, „þá erum við að tala um mælikvarða sem standa utan allrar hefðbundinnar rökhyggju sem miðar að því að hlutgera líf okkar og tilveru sem meðhöndlunlega „staðreynd“.

Aðalsteinn Ingólfsson



Von í Suður-Frakklandi

Á laugardag var formlega opnuð í Cavalaire í Suður-Frakklandi sýningin Autour de la lumière eða Kringum birtuna. Þetta er í annað skiptið sem Cavalaire-borg stendur fyrir sumarsýningu en í þetta skiptið er um að ræða sýningu á útiverkum sem öll hafa eitthvað með ljós, sól eða birtu að gera. Tíu myndlistarmenn eiga verk á sýningunni og meðal þeirra er Sigurður Árni Sigurðsson.

Verkið sem Sigurður Árni sýnir er endurgerð á verkinu Von sem var sýnt í tilefni Kristnihátíðar á Þingvöllum í fyrra. Verkið er dúkur, 8 sinnum 10 metrar að stærð, sem er strekktur lárétt í fimm metra hæð yfir jörðu. Í dúkinn hafa verið gerð hringlaga göt sem hleypa sólarljósi í gegn svo ljóspunktur myndast í skuggaleti undir dúkunum, eins konar óþreifanlegir sólstafrir eða geislar sem áhorfandi gengur inn í.

Með Sigurði Árna á sýningunni eru Curt Asker, Laurent Baude, Ben, France Cristini, Bertrand Gadenne, Dimitry Orlac, Eric Orr, Takis og Hap Tivey. Sýningin stendur til 15. september og sýningarstjóri er Elisabeth Lavrov.

260 þúsund blaðsíður á Sagnanetinu

Mánudaginn 2. júlí kl. 16 verður Sagnanetið opnað umheiminum í Þjóðarbókhöllu. Sagnanetið (<http://sagnanet.is>) er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og íslenska Fiskeafnsins við Cornell-háskóla, með aðild Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, en einnig sér Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um einn verkþátt. Verkefnið felst í meginatriðum í því að setja íslenskar fornsögur á stafrænt form og gera þær aðgengilegar um Netið. Þetta er metnaðarfullt verkefni og óhætt er að fullyrða að það er víðamesta verkefni á sviði stafrænnar endurgerðar safnefnis sem ráðist hefur verið í héraðis og þótt víðar væri leitað.

Í gagnagrunni Sagnanetsins eru nú stafrænar myndir af um 870 handritum og um 450 bókum, samtals um 360 þúsund blaðsíður, og á næstu mánuðum munu um 100 handrit með um 40 þúsund blaðsíðum bæstast við. Verkin hafa öll verið nákvæmlega skráð og gert hefur verið mjög gott notendaviðmót sem býður upp á fjölbæft leitarrörit og allt sem til þarf til að vinna með efnið um Vefinn.

Efniviður Sagnanetsins samanstendur af íslenskum fornbókmenntum, m.a. heildstæðu safni Íslendingasagna og þátta. Einnig er þar nú þegar drjúgur hluti norrænnar goðafræði, biskupasagna, fornaldarsagna og riddarasagna, auk þess sem mörg handritanna hafa einnig að geyma kvæði, rímur og lausavísur. Þetta efni er geymt í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni (um 171 þús. bls.), Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi (um 38 þús. bls.) og íslenska Fiskeafnsinu í Cornell (um 151 þús. bls.). Öll handrit í þessum flokkum, auk prentaðra útgáfna og lærdómsrita um efnið, sem gefin eru út fyrir 1901, verða aðgengileg á þennan hátt.

Plata aldarinnar

Um þessar mundir gefst tækifæri til að velja bestu plötu aldarinnar á Vísis.is. Búið er að velja hundrað plötur til þátttöku en lesendum Vísis.is býðst að velja tíu plötur úr þessum hópi.

Gunnhildur í Taívan

Gunnhildur Einarsdóttir hörpuleikari er nú á tónleikaferðalagi í Taívan með Paul Leenhout blokkflautuleikara. Á föstudag hélt hún tónleika fyrir fullu húsi í Taipei og fékk hún frábærar móttökur. Löngu uppselt var á tónleikana. Á laugardag lék hún í Taichung sem er þriðja stærsta borg Taívan. Gunnhildur hlaut styrk til fararinnar frá menntamálaráðuneytinu.



... manngaman

Hæfileg kvöl

Snæði stundum kvöldverð á einum minnsta veitingastað Reykjavíkur, austarlega á Laugavegi. Smávaxinn eigandi staðarins tekur alltaf á móti mér með brosi sem nær djúpt inn í sálu hans. Það finnst. Og einlægni hans og allt látbragð til þess fallið að gera mann velkominn.

Panta einatt sama réttinn, af því hann er alltaf eins: Góður, yfíráta góður. Í fyrstu hafði eigandinn bent með varfærum fingri á þessa mæru, sem er blanda af grænmeti og núðlum og ofboðlitlu svíni, baðað ljósi og heitri karrisósu. Ég hafði beðið um eitthvað sterkt. Og viti menn:

Tungan krumpaðist af kæti. Andlitið stundi af sterkju. Dásemd. Og hæfileg kvöl.

Frá fyrsta sinni afreð ég að þetta væri staðurinn minn – austarlega á Laugavegi, einn af þessum löyndu blettum tilverunnar. Eigandinn alltaf í sama skapi þá ég kem, tístir litlum hlátri þegar ég panta sama réttinn, aftur og aftur. Alltaf það sama. Hann veit sem er að kunninn, hversu skrýttinn sem hann er, kann sína för. Svo setur hann taílenskt lag á fóninn, stríðar strokur af bambus og belgium. Færir mér lifandi öl úr heimalandinu – með ríku stolti.

Því næst þegjum við nokkra stund, meðan rétturinn mallar, einir í þessum litla heimi á Laugavegi, langt uppi á heimskringlunni. Horfum út í veggina sem eru skreyttir blævængjum og drekum og hlustum á fólkið strjúka strengi í öðrum heimsálfum. Sáttir. Kunninn og þjónninn. Ljóshærður og hár, dökkhærður og smár.

Þessar stundir eru meiri en margar aðrar. Þær segja ekki margt, en eru þess meira. Sterkar, sviða og eru alltaf eins.

Og seðja.

-SER